

Aðalfundur Félags íslenskra Náttúrufræðinga

Fimmtudaginn 28. mars 2019, kl. 14:00-16:00, Borgartúni 6, 4. hæð

Fundarstjóri: Ína B. Hjálmarsdóttir

Fundarritari: Rakel Júlía Sigursteinsdóttir

Dagskrá:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
7. Kosning síðanefndar.
8. Önnur mál.

Efni sýnt á fundi:

Dagskrá fundarins
Glærur voru sýndar með efni úr skýrslu stjórnar
Ársreikningur FÍN
Ársreikningur Kjaradeilusjóðs
Lagabreytingar og lög félagsins
Framboð til stjórnar og nefnda

Fundarsetning:

Marianna H. Helgadóttir, formaður FÍN, setti fund og lagði fram tillögur um fundarstjóra og ritara fundarins. Ína B. Hjálmarsdóttir var samþykkt sem fundarstjóri og Rakel Júlía Sigursteinsdóttir samþykkt sem fundarritari.

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar

Marianna, formaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar.

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 22. mars 2018 sl. og frá þeim fundi telst upphafspunktur síðasta starfsárs.

Skipun í embætti

Á aðalfundi félagsins voru tíu aðilar í kjöri til stjórnar en tíu sátu frá fyrra ári. Eftirfarandi aðilar skipa því stjórn félagsins:

Ásdís Benediktsdóttir, Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Björg Helgadóttir (fulltrúi trúnaðarmanna í stjórn), Guðrún Nína Petersen, Hafdís Sturlaugsdóttir, Haraldur Rafn Ingvason, Ína Björg Hjálmarsdóttir, Katrín Guðjónsdóttir, Kári Gunnarsson, Lilja Grétarsdóttir, Marianna H. Helgadóttir (formaður), Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Sigurlaug María Hreinsdóttir, Sigurlaug Skírnisdóttir, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Sverrir Daníel Halldórsson, Sævar Ingþórsson, Torfi Geir Hilmarsson, Þorkell Heiðarsson (varaformaður).

Á fyrsta stjórnarfundum þann 23. mars 2018 skipaði stjórn í embætti lögum samkvæmt. Í

framkvæmdastjórn sitja aðilar sem starfa hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögum og á almennum markaði og því er framkvæmdastjórn skipuð fulltrúum frá öllum vinnumörkuðum. Í framkvæmdastjórn sitja:

Marianna H. Helgadóttir (formaður), Þorkell Heiðarson (varaformaður), Raket Júlía Sigursteinsdóttir (ritari), Guðrún Nína Petersen (gjaldkeri) og Haraldur Rafn Ingvason (meðstjórnandi).

Stjórn skipaði formann félagsins sem fulltrúa FÍN í formannaráð Bandalags háskólamanna (BHM) og Harald Rafn Ingvason sem varamann.

Stjórn gekk frá erindisbréfi til stjórnarmanna og hélt 13 fundi á starfsárinu. Einnig voru haldnir nokkrir vinnufundir í tengslum við kröfugerðavinnu félagsins vegna komandi kjarasamninga við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg.

Framkvæmdastjórn hélt 9 reglulega fundi á starfsárinu og 5 aukafundi.

Jafnframt skipaði stjórn FÍN í stjórn Vísindasjóðs, en þar sitja, Hafdís Sturlaugsdóttir, Lilja Grétarsdóttir (formaður), Torfi Geir Hilmarsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir og Svava S. Steinarsdóttir. Stjórn Vísindasjóðs hélt 3 fundi.

Í stjórn Kjaradeilusjóðs sitja, Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Kristjana Bjarnadóttir, Ólafur Eggertsson, formaður og gjaldkeri, varamenn eru varaformaður og ritari. Kjaradeilusjóður FÍN hélt 1 fund á starfsárinu.

Í Siðanefnd sitja Emelía Eiríksdóttir, Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Hafdís Eygló Jónsdóttir, Marta Guðjónsdóttir, Jónas Jónasson, varamenn eru Jóna Freysdóttir og Ægir Þór Þórsson. Siðanefnd hélt nokkra fundi á starfsárinu vegna erindis sem barst nefndinni.

Uppstillinganefnd BHM kallaði eftir tilnefningum á árinu 2018 og stjórn FÍN tilnefndi til uppstillinganefndar Sigurlaugu Hreinsdóttir í stjórn Starfsmenntunarsjóðs BHM. Uppstillinganefnd BHM kallaði í þessum mánuði eftir tilnefningum og stjórn FÍN tilnefndi Þorkel Heiðarson í stjórn BHM.

FÍN hélt félagsfund fund með félagsmönnum vegna innleiðingar starfsmats í febrúar sl.

Félagið stóð fyrir tveimur starfsdögum trúnaðarmanna. Á fyrri fundinn mætti Anna Steinsen frá KVAN sem var með erindi sem bar yfirskriftina „Vinnum út frá styrkleikum og höfum góð samskipti“ og á seinni starfsdegi trúnaðarmanna kom Ylfa Edith Fenger og var með vinnustofu þar sem áhersla var lögð á traust, virka hlustun og góða nærveru, en þema dagsins bar yfirskriftina „að hlusta“. Trúnaðarmenn voru ánægðir með þetta framtak félagsins.


Formaður stóð fyrir 16 vinnustaðafundum og voru þeir haldnir m.a. á Egilsstöðum, Húsavík, Akureyri, Hólum, Sauðárkróki, Ísafirði, Hvanneyri, Akranesi, Selfossi og á höfuðborgarsvæðinu. Reynt var í tvígang að komast á fund á Höfn í Hornafirði en í bæði skiptin varð ófært þangað flugleiðina vegna veðurs.

Ríkissáttasemjari stóð fyrir námsstefnu í samningagerð og var mælt til þess að þeir sem tækju þátt í samningagerð tækju þátt í þessari námstefnu og nokkrir stjórnarmenn og starfsmenn félagsins tóku þátt í námstefnunni á vegum ríkissáttasemjara.

Félagsmenn FÍN

Á starfsárinu fengu alls 156 einstaklingar fulla aðild að félaginu, 6 fengu aukaaðild og einni umsókn var hafnað. Ein úrsögn barst á starfsárinu.

Fjöldi virkra/greiðandi í félagið í janúar 2019 voru 1967 og skiptist fjöldi félagsmanna eftir vinnuörkuðum með eftirfarandi hætti:



FÍNN – samskipti við nema

Haldnar voru 3 vísindaferðir sl. haust fyrir háskólanema á starfsárinu, ásamt því að félagið tók þátt í framadögum sem fóru fram í Háskólanum í Reykjavík.

Kjarasamningar, viðræðuáætlanir, kröfugerðarvinna og stofnanasamningar

Kjarasamningar hjá ríki, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga renna út 31. mars nk., en kjarasamningur aðildarfélaga BHM við Samtök atvinnulífsins gildir þar til nýr er gerður.

Félagið hefur gengið frá undirritun viðræðuáætlunar við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg en enn hefur ekki tekist að ganga frá viðræðuáætlun við ríkið. Félagið hefur sent athugasemdir til fjármálaráðherra, ríkissáttasemjara og samninganefndar ríkisins vegna þessara vinnubragða, en samninganefnd ríkisins krefst þess að félagið skrifi undir ákvæði sem félagið telur vera okkur mjög íþyngjandi. Samkvæmt lögum á ríkissáttasemjari að gefa út viðræðuáætlun 8 vikum áður en kjarasamningar renna út, en ekkert hefur heyrst í ríkissáttasemjara, en þrír dagar séu í að kjarasamningur félagsins renni út.

Kröfugerðavinna vegna komandi kjaraviðræðna við ríkið, sveitarfélög og Reykjavíkurborg hafa verið í vinnslu á starfsárinu. Drög að kröfugerð félagsins, sem stjórn félagsins vann, var kynnt á vinnustaðafundum veturinn 2018-2019. Stjórn félagsins hefur gengið frá endanlegri kröfugerð gagnvart Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga, en frágangur kröfugerðar félagsins gagnvart ríkinu er á lokastigi.

Allar samninganefndir hafa verið skipaðar hjá félaginu vegna komandi kjaraviðræðna.

Aðeins einn samningafundur vegna kjarasamninga hefur verið haldinn og var sá fundur haldinn með Reykjavíkurborg.

Gengið var frá endurskoðun á 15 stofnasamningum á starfsárinu og nokkrir eru í vinnslu. Markmið félagsins er að menntunarákvæði gerðardóms verði komið inn í alla stofnasamninga fyrir 1. júní 2020 og tryggja að þeir félagsmenn sem hafa viðbótarmenntun umfram BS/BA sem nýtist í starfi fái eða hafi fengið leiðrétt laun afturvirktil til 1. júní 2016.

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi þá ákvað stjórn félagsins í júní 2017 að fela formanni að vinna að því að undirbúa dómsmál vegna menntunarákvæða gerðardóms. Félagið safnaði gögnum frá félagsmönnum í ágúst og september 2017 og valdi úr mál sem endurspegluðu álitamál gerðardóms. Lögmanni var falið að gera álitgerð sem lagt var fyrir stjórnarfund þann 12. mars 2018. Stjórn samþykkti að málið yrði lagt fyrir Félagsdóm. Það var síðan í þessari viku sem málið var dómtekið í Félagsdómi. Um er að ræða þrjár stefnur, tvær stefnur beinast að ríkinu og Hafrannsóknastofnun og ein stefnan beinist að ríkinu og Umhverfisstofnun. Vænta má niðurstöðu úr þessum dómsmálum á þessu ári.

Samkvæmt kjarasamningi FÍN og Sambands íslenskra sveitarfélaga átti að ljúka innleiðingu starfsmats í júní 2018, en þeirri vinnu er enn ekki lokið. Staða mála og væntanleg niðurstaða var kynnt fyrir félagsmönnum sem starfa há sveitarfélögunum í síðasta mánuði. Samkvæmt upplýsingum félagsins á að leiðrétt laun þeirra afturvirktil sem hækka í launum um næstu mánaðamót.

Samkvæmt bókun 8 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar var vinna í gangi á þar síðasta starfsári um að skoða kosti þess að fara í starfsmat hjá Reykjavíkurborg. Til stóð, þegar innleiðingu hjá starfsmati sveitarfélaganna væri lokið í júní 2018, þá yrði vinnu aðila haldið áfram. Vinna við innleiðinguna hjá sveitarfélögunum hefur dregist og því er vinna við bókun 8 enn ólokið.

Ímynd

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi þá var gerð var könnun hjá Félagsvísindastofnun í janúar 2018 þar sem kannað var hvort hinn almenni borgari vissi hverjir væru náttúrufræðingar og hvort hann þekkti merki félagsins. Um var að ræða 3000 manna úrtak og svarhlutfall var 50%. Niðurstaðan var sú að fáir þekkja FÍN og hvað félagið stendur fyrir. Í kjölfarið skrifaði formaður félagsins nokkrar greinar sem birtust í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og á Vísi. Þar var vakin athygli á náttúrufræðingum og kröfum þeirra við samningaborðið í kjarasamningsviðræðum við ríkið. Formaður fór einnig í nokkur fjölmiðlaviðtöl, bæði í sjónvarpi og útvarpi. Þá lét félagið hanna barmmerki sem félagsmenn eru hvattir til að nota við hentug tækifæri til að auka sýnileika náttúrufræðinga almennt. Félagið endurtók þessa könnun haustið 2018 eftir þetta átak og niðurstaðan var sú að engin marktæk breyting hafði orðið á sýnileika félagsins meðal almennings frá fyrri könnun.

Skrifstofa félagsins

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði þrír starfsmenn. Í dag er formaður í fullu starfi, verkefnastjóri og sérfræðingur í fullu starfi, en félagið réð sérfræðing til starfa í janúar 2019. Í september sl. lét Sigrún Ösp Sigurjónsdóttir af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins og hefur formaður því sinnt stöðu framkvæmdastjóra hjá félaginu.

Ákveðið var að ráða Runólf Vigfússon í stöðu verkefnastjóra í apríl sl og í janúar sl. var Bergdís Linda Kjartansdóttir ráðin til starfa sem sérfræðingur í kjaramálum. Hún hefur ákveðið að hverfa til annarra

starfa og því liggur fyrir að félagið þarf að ráða starfsmann í hennar stað sem fyrst.

Margir félagsmenn eru enskumælandi og því hefur félagið ákveðið að þýða hluta af vefsíðu félagsins yfir á ensku og stefnt er að því að á næsta starfsári að töluvert efni verði komið inn á vefsíðu félagsins á ensku.

Erlend samskipti

Formaður og framkvæmdastjóri fóru á árlegan fund með náttúrufræðingum á Norðurlöndum í júní 2018. Sá fundur var að þessu sinni í Lófóten í Noregi. Næsti fundur verður í júní 2019 í Svíþjóð.

Á næsta fundi náttúrufræðinga á Norðurlöndunum í júní í sumar er stefnt að því að ganga frá undirritun á samningi milli þeirra um gestaaðild, en sá samningur hefur verið í vinnslu á starfsárinu. Það felur í sér að félagsmaður sem er í viðkomandi félagi sem er aðili að samkomulaginu fær þjónustu samkvæmt samningnum frá viðkomandi félagi í viðkomandi landi án sérstakrar greiðslu fyrir þá þjónustu.

Formaður félagsins hefur einnig tekið þátt í samvinnuverkefni milli þessara landa, þ.e. Noregs, Svíþjóðar, Finnlands, Danmörku og Íslands, sem er að frumkvæði Naturveterna í Svíþjóð. Um er að ræða skýrslu þar sem reynt er að greina þær hindranir og vandamál sem upp geta komið þegar félagsmenn þessara félaga ráða sig til starfa í einhverju landi Norðurlanda. Gert er ráð fyrir að skýrslan liggja fyrir á fundi félaganna sem haldinn verður í Svíþjóð í júní 2019.

Félagsgjöld og Kjaradeilusjóður

Stjórn tók á starfsárinu til umræðu hvort gera ætti breytingar á félagsgjaldi til félagsins og niðurstaðan var, þrátt fyrir hallarekstur, að leggja til óbreytt félagsgjald, sem er 0,7% af heildarlaunum.

Framboð í embætti

Þann 1. febrúar sl. lágu fyrir framboð í embætti til trúnaðarstarfa fyrir félagið. Þar sem ekki bárust nægilega mörg framboð var ljóst að stjórn þyrfti að finna aðila í stjórn, stjórn Kjaradeilusjóð og í Siðanefnd. Stjórn hefur því stillt upp lista sem verður sjálfkjörinn á aðalfundi 2019 þar sem í framboði eru jafnmargir og embættin eru.

Stjórn félagsins fór einnig í gegnum lög félagsins og leggur til ákveðnar breytingar á lögum félagsins sem kynntar verða á aðalfundinum í dag, en þær tillögur voru sendar út með fundarboði.

Húsfélag BHM

Aðildarfélög BHM og BHM sem standa að Húsfélagi BHM ákváðu að kaupa 4 hæðina að Borgartúni 6. Fundarsalirnir Ás og Brú hafa því verið færðir upp á 4. hæð og verður gamla Ás og Brú breytt í skrifstofurými. Kostnaður félagsins við kaup Húsfélags BHM á 4. hæðinni eru um 1700 þúsund, en rekstrarkostnaður félagsins mun lækka um hálf milljón við þessa fjárfestingu. Stjórn félagsins tók einnig ákvörðun um að auka við skrifstofurými félagsins. Því mun skrifstofa félagsins líklega flytja sig um set á starfsárinu í gömlu fundarsalina Ás og Brú á þriðju hæð.

Persónuverndarstefna

Vinna við innleiðingu breytinga á mínum síðum og persónuverndarstefnu BHM og FÍN hefur verið í vinnslu á starfsárinu. Sami persónuverndarfulltrúi er hjá BHM og FÍN. Vinnsluskýr og verkferlar eru í vinnslu.

Stjórn FÍN þakkar fyrir sig að sinni og óskar félagsmönnum gleðilegra páskahtíðar.

Spurt var út í kjarasamninga og viðræðuáætlunina. Fram kom í máli formanns að FÍN fékk drög að viðræðuáætlun síðust frá Samninganefnd Kjara- og mannauðssýslu ríkisins (SNR). FÍN vill stýra því sjálf, þ.e. semja um, hvaða mál eiga heima á stóra borðinu. SNR segja að þetta sé smáatriði en þeir eru fastir fyrir sem bendir til þess að þetta sé mikilvægara atriði en verið er látið í veðri vaka.

2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun stjórnar félagsins
Guðrún Nína, gjaldkeri FÍN, lagði fram endurskoðaða ársreikninga félagsins og sjóða þess. Ársreikningar FÍN og Kjaradeilusjóðs FÍN voru lagðir fram.

Spurt um launakostnað, hví hann er hærri 2018 en 2017. Fram kom að gert var upp við fráfarandi framkvæmdastjóra og félaginu ráðlagt að bókfæra það á árið 2018. Frekari umræða um laun og launatengd gjöld en þau eru til þriggja starfsmanna skrifstofunnar, stjórnar- nefnda- og sjóðsmanna.

Spurt um eignir Kjaradeilusjóðs og hversu bundnar þær væru. Sv. Þetta fé er hægt að leysa út á 2—3 dögum ef á þyrfti að halda. Umræða um fjáfestingar sjóðsins. Ávöxtun ársins 2018 talin með verra móti skv sérfræðingum Arion banka.

Afgreiðsla:

Reikningar félagssjóðs samþykktir.

Reikningar Kjaradeilusjóðs samþykktir.

3. Tillögur um lagabreytingar

Tillögur stjórnar um lagabreytingar voru sendar út meða aðalfundarboði. Eftirfarandi tillögur liggja fyrir.

3.gr. Aðildarskilyrði

Félagsmenn geta orðið:

a) Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bachelor-prófi eða sambærilegri menntun í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum frá háskóla eða hliðstæðum menntastofnunum, b) Nemaaðild er tímabundin aðild að félaginu. Námsmenn í náttúrufræðum, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum sem hafa lokið a.m.k. eins árs háskólanámi geta sótt um nemaaðild. Nemaaðild varir að hámarki í 5 ár. Nemaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi. Kjörgengi og kosningaréttur eru háð því að félagsmenn hafi fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

6.gr. Stjórn og framkvæmdarstjórn

Stjórn félagsins skal skipuð 20 mönnum. Þeir eru formaður, varaformaður og 17 meðstjórnendur, sem kosnir skulu á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þá velja trúnaðarmenn einn fulltrúa úr sínum hópi í stjórn til tveggja ára. Á hverju ári skal kjósa hluta stjórnar þannig, að annað árið er kosinn formaður félagsins og níu meðstjórnendur, en varaformaður og átta meðstjórnendur hitt árið. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn. Engan má þó kjósa sem formann félagsins oftari en fimm sinnum. Hætti stjórnarmaður á fyrri ári kjörtímabils eða sé hann kosinn til annarra stjórnarstarfa á aðalfundi áður en kjörtímabil hans rennur út, skal annar kjörinn í hans stað til eins árs. Séu framboð færri en embætti skal stjórn félagsins tilnefna fulltrúa.

Stjórn félagsins kys ritara, gjaldkera og meðstjórnanda í framkvæmdastjórn úr hópi stjórnarmanna. Framkvæmdastjórn starfar í umboði stjórnar félagsins og sér um útfærslu á samþykktum hennar. Í framkvæmdastjórn sitja formaður félagsins, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi.

Framkvæmdastjórn félagsins ber ábyrgð á rekstri, ákveður verkaskiptingu á skrifstofu, setur verklagsreglur og ákvarðar launakjör.

Bráðabirgðaákvæði vegna aukaaðildar

Þeir sem áður hafa fengið aðild að félaginu í gegnum aukaaðild, nú nemaaðild, halda sinni aðild á meðan rof kemur ekki í greiðslu félagsgjalda.

18. gr. Gildistími

Lög þessi öðlast gildi 28. mars 2019. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

Opnað var fyrir umræður um framlagðar lagabreytingar. Að loknum umræðum var gengið til afgreiðslu um ofangreindar tillögur.

Afgreiðsla: Breyting á 3. gr. var samþykkt.

Afgreiðsla: Breyting á 6. gr. var samþykkt.

Afgreiðsla: Ný grein, bráðabirgðaákvæði vegna aukaaðildar var samþykkt.

Afgreiðsla: Breyting á 18. gr. var samþykkt.

Að lokum voru lög félagsins borin upp til samþykktar í heild sinni með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla: Lög félagsins samþykkt og taka nú gildi.

4. Ákvörðun um félagsgjöld

Stjórn félagsins leggur til óbreytt félagsgjald, þ.e. 0,7% af heildarlaunum.

Umræða um félagsgjöldin, hvernig þau hafa breyst frá því að þau voru sett á 2008.

Farið yfir hver félagsgjöldin eru hjá öðrum stéttarfélögum. Listi af síðu BHM sýndur en þar má sjá að gjöldin eru allt frá 0,2% upp í 1,5% af heildarlaunum.

Fyrirspurn varðandi kjaradeilusjóð, hvers vegna við greiðum ekki í hann? Það kom fram að þegar félagsgjöldin voru lækkuð úr 1,7% þá var hætt að greiða í kjaradeilusjóð.

Afgreiðsla:

Tillaga um óbreytt félagsgjöld, 0,7% af heildarlaunum, var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Stjórnarkjör

Ína kynnti. Engin móttillaga hafði borist félaginu vegna tillaga að stjórn og nefndum né varaformanns.

Í kjöri til 2 ára: Varaformaður FÍN: Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Kallað var eftir mótframboðum, engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla: Varaformaður var sjálfkjörinn til tveggja ára.

Í kjöri til 2 ára: Meðstjórn (8):

Ásdís Benediktsdóttir, Íslenskar orkurannsóknir

Bergrún Arna Óladóttir, Háskóli Íslands

Einar Hjörleifsson, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Margrét Geirsdóttir, Matís
Pétur Halldórsson, sjálfstætt starfandi
Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Una Bjarnadóttir Landspítali

Kallað var eftir mótframboðum stjórn, engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla: Stjórn til 2ja ára var sjálfkjörin til tveggja ára.

6. Kosning í stjórn Kjaradeilusjóðs

Í kjöri til 2 ára: Aðalmenn (2) í stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN
Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Kópavogsbær
Stefanía P. Bjarnason, Landspítali

Kallað var eftir mótframboðum í stjórn Kjaradeilusjóðs, engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla: Stjórnarmenn í stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN var sjálfkjörin til 2ja ára.

7. Kosning siðanefndar

Í kjöri til 2 ára: Aðalmenn (2):
Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Landspítali
Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð
Varamaður: Jóna Freysdóttir, Landspítali

Kallað var eftir mótframboðum í stjórn Siðanefndar, engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla: Stjórnarmenn og varamaður í stjórn Siðanefndar FÍN voru sjálfkjörnir til 2ja ára.

8. Önnur mál

Engin önnur mál

Fráfarandi stjórnarmönnum þakkað fyrir störf í þágu félagsins og leystir út með gjöfum.
Ínu Björgu Hjálmarsdóttur var sérstaklega þakkað fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Fundi slitið kl 15:47 af formanni félagsins og boðið upp á léttar veitingar.